

257. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 17. september 2014 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**


Kristjana Hermannsdóttir  
Björn H Hilmarsson  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Var svo gengið til boðaðrar dagskrár.


**Dagskrá:**


- 1) **Bréf frá leikskólastjóra, dags. 25. apríl 2014, varðandi ósk um aukið stöðugildi vegna barns á leikskólanum Kríflakoti – trúnaðarmál.**  
Ingigerður Stefánsdóttir, leikskólastjóri, mætti á fundinn til að fylgja erindinu eftir. Var henni svo þökkun koman og vék hún af fundi.  
Leikskólinn Kríflakot er í dag með ónýtt 50% stöðugildi, og taldi bæjarráð að skynsamlegast væri að byrja á að nýta það í stuðning vegna barnsins.
- 2) **Bréf frá Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga, ódags., varðandi stofnun samtakanna og aðalfund þeirra sem haldinn verður 8. október n.k.**  
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 2. september 2014, varðandi auglýsingu umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2014/2015.**  
Bærarstjóri upplýsti að nú þegar væri búið að sækja um fyrir Snæfellsbæ.
- 4) **Beiðni um námsvist í grunnskóla í sveitarfélagi utan lögheimils nemenda.**  
Ofangreind beiðni fellur ekki undir reglur Snæfellsbæjar vegna nemenda leik- og grunnskóla sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags. Bæjarráð getur því ekki orðið við þessari beiðni.
- 5) **Bréf frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga, dags. 28. ágúst 2014, varðandi uppgjör skólaaksturs við FSN á vorönn 2014.**  
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Minnispunktur bærarstjóra.**
  - a) Bærarstjóri sagði frá því að búið væri að ráða í starfið í Áttthagastofunni.
  - b) Fjármálaráðstefnan verður dagana 9. og 10. október. Gert er ráð fyrir að bæjarráð, forseti bærarstjórnar og bærarstjóri mæti fyrir hönd Snæfellsbæjar.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:15

  
Kristjana Hermannsdóttir

  
Björn H Hilmarsson

  
Fríða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari